

AUGLÝSING

um friðlýsingu menningarminja.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 hefur forsætisráðherra ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa eftirtalin mannvirki:

- I. Breiðabólstaðir, Álftanesi, Garðabæ (fastanr. 208-1249). Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins.
- II. Strandgata 5, Bíldudal, Vesturbyggð (gamli barnaskólinn, fastanr. 212-4969). Friðlýsingin nær til ytra borðs gamla barnaskólans.
- III. Fischershús, Hafnargötu 2, Reykjanesbæ (fastanr. 208-7957). Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins, upprunalegra innviða, búðarinnréttingar og leifa hlaðinna steinveggja á lóð þess.
- IV. Gamla búð, Duusgötu 5, Reykjanesbæ (fastanr. 208-7267). Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins og upprunalegra innviða þess.
- V. Bryggjuhús, Duusgötu 5, Reykjanesbæ (fastanr. 208-7262). Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins, upprunalegra innviða þess, lyftuhjóls og tengds búnaðar og steinhleðslna á lóð sjávarmegin við húsið.
- VI. Bíósalur, Duusgötu 4, Reykjanesbæ (fastanr. 208-7263). Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins og upprunalegra innviða þess.

Forsætisráðuneytinu, 14. júní 2016.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.